

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 29. maí 1990

um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu við skjávinnu (fimmta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)**(90/270/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾, sem samin var í samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með tilskipunum, samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum hvað varðar aðbúnað á vinnustöðum, til að tryggja betur öryggi og heilsu starfsmanna.

Samkvæmt téðri grein ber að forðast í slíkum tilskipunum að setja stjórnunarlegar, fjárhagslegar og lagalegar skorður sem hindra myndu stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun þá er varðar öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað ⁽⁴⁾ er kveðið á um samþykkt ráðstafana er varða nýja tækni. Ráðið tók tillit til þessa í ályktun sinni frá 21. desember 1987 um öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað ⁽⁵⁾.

Til að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna er brýnt að farið sé að lágmarkskröfum þeim sem ætlað er að auka öryggi á stöðum þar sem unnið er við skjái.

Tilskipun þessi er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana til að stuðla að bættu öryggi og heilsu

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 113, 29. 4. 1988, bls. 7 og Stjtið. EB nr. C 130, 26. 5. 1989, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 12, 16. 1. 1989, bls. 92 og Stjtið. EB nr. C 113, 7. 5. 1990.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 318, 12. 12. 1988, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 1.

starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁶⁾. Því er hægt að beita til fulls ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar hvað varðar vinnu starfsmanna við skjái samanber þó strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem í þessari tilskipun felast.

Vinnuveitendum er skylt að fylgjast með nýjustu tækni og niðurstöðum rannsókna er varða hönnun verkstöðva, svo að þeir geti gert allar nauðsynlegar breytingar sem tryggja starfsmönnum aukna vernd á sviði hollustu og öryggis.

Á stöðum þar sem unnið er við skjái eru hinir vinnuvistfræðilegu þættir einkar mikilvægir.

Tilskipun þessi er skref í þá átt að gera hina félagslegu hlið innra markaðarins að veruleika.

Samkvæmt ákvörðun 74/325/EBE ⁽⁷⁾ skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum þegar hún semur tillögur á þessu sviði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Með tilskipun þessari, sem er fimmta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE, eru settar fram lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu við skjávinnu eins og skilgreint er í 2. gr.

2. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu á öllu því sviði sem um getur í 1. mgr., samanber þó þrengri og/eða sérhæfðari ákvæði sem þessi tilskipun felur í sér.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 185, 9. 7. 1974, bls. 15.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um:

- stýrishús ökutækja eða vélbúnaðar;
- tölvukerfi um borð í flutningatækjum;
- tölvukerfi sem aðallega eru ætluð til almenningsnota;
- „færanleg“ kerfi sem ekki eru notuð til frambúðar á ákveðnum stað;
- reiknivélar, sjóðvélar og annan tækjabúnað með litlum skjá þar sem gögn eða mæligildi birtast, sem er nauðsynlegur til að nota tækið beint;
- ritvélar af venjulegri gerð, svokallaðar „skjáritvélar“.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- skjár*: stafa- eða myndskjár, án tillits til þess hvaða aðferð er notuð til birtingar;
- verkstöð*: samsafn búnaðar, að meðtöldum skjá, sem getur verið tengdur hnappaborði eða öðru ílagstæki og/eða hugbúnaði þeim sem sér um samskipti manns og vélar, viðbótarbúnaði, jaðartækjum, þar með talið disklingadrifi, síma, mótaldi, prentara, skjalahaldara, vinnustól og vinnuborði eða vinnufleti, svo og nánasta vinnuumhverfi;
- starfsmaður*: hver sá starfsmaður, eins og hann er skilgreindur í a-lið 3. gr. tilskipunar 89/391/EBE, sem iðulega notar skjá við umtalsverðan hluta vinnu sinnar.

II. ÞÁTTUR

SKYLDUR VINNUVEITENDA

3. gr.

Úttekt á verkstöðvum

- Vinnuveitendum er skylt að gera úttekt á verkstöðvum í því skyni að meta hvaða áhrif þær hafa á starfsmenn með tilliti til öryggis og hollustu, einkum að því er varðar hugsanlega áhættu fyrir sjón, líkamlegt og andlegt álag.
- Vinnuveitendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu á grundvelli matsins sem um getur í 1. mgr. og taka mið af frekari og/eða samtvinnuðum áhrifum af áhættunni sem þannig er greind.

4. gr.

Nýjar verkstöðvar

Vinnuveitendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að verkstöðvar sem teknar eru í notkun í fyrsta sinn eftir 31. desember 1992 uppfylli lágmarkskröfur þær sem tilgreindar eru í viðaukanum.

5. gr.

Eldri verkstöðvar

Vinnuveitendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að verkstöðvar sem hafa verið teknar í notkun 31. desember 1992 séu lagfærðar þannig að þær uppfylli lágmarkskröfur þær sem tilgreindar eru í viðaukanum eigi síðar en fjórum árum eftir téðan dag.

6. gr.

Upplýsingar til starfsmanna og þjálfun þeirra

1. Með fyrirvara um 10. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu starfsmenn og fulltrúar þeirra fá upplýsingar um alla þætti öryggis og hollustu er tengjast verkstöðvum þeirra, einkum upplýsingar um ráðstafanir, tengdar verkstöðvum, sem komið er í framkvæmd samkvæmt 3., 7. og 9. gr.

Í öllum tilvikum ber að upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra um allar ráðstafanir á sviði öryggis og hollustu sem gerðar eru samkvæmt tilskipun þessari.

2. Með fyrirvara um 12. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu allir starfsmenn einnig fá starfsþjálfun áður en þeir hefjast handa við vinnu af þessari gerð og í hvert skipti sem skipulagi verkstöðvar er breytt verulega.

7. gr.

Dagleg vinnutilhögun

Vinnuveitanda ber að skipuleggja vinnu starfsmanna á þann hátt að dagleg skjávinna sé rofin reglulega með hléum eða vinnu af öðru tagi sem minnkar álag við skjávinnu.

8. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð í samræmi við 11. grein tilskipunar 89/391/EBE á því sviði sem tilskipun þessi tekur til, að viðaukanum meðtöldum.

9. gr.

Augn- og sjónvernd starfsmanna

- Starfsmenn skulu eiga rétt á að hæfur aðili prófi augu þeirra og sjón á viðeigandi hátt:
 - áður en skjávinna hefst,
 - með jöfnu millibili eftir það,
 - ef fram koma vandkvæði tengd sjón sem gætu átt rót að rekja til skjávinnu.
- Starfsmenn skulu eiga rétt á skoðun hjá augnlækni ef niðurstöður prófsins sem um getur í 1. mgr. gefa til kynna að þess þurfi.
- Sjá verður starfsmanni fyrir sérstökum búnaði til úrbóta sem hæfir því starfi sem um er að ræða ef niðurstöður prófsins eða skoðunarinnar sem um getur í 1. og 2. mgr. sýna að það sé nauðsynlegt og ekki er hægt að nota venjuleg gleraugu, snertilinsur eða þvíumlíkt.
- Ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt tilskipun þessari mega aldrei hafa í för með sér aukakostnað fyrir starfsmenn.
- Heimilt er að augn- og sjónvernd starfsmanna fari fram á vegum heilbrigðiskerfis landsins.

III. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

10. gr.

Breytingar á viðauka

Breytingar á viðauka, af tæknilegum toga einvörðungu, vegna tækniframfara og breytinga á alþjóðlegum reglum og kröfum eða þekkingar er snertir skjái skal samþykkja í samræmi við tilhögun þá sem kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

11. gr.

Lokaákvæði

- Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1992.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

- Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða eða hafa þegar verið samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

- Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fjórða hvert ár um hver reynslan hefur orðið af framkvæmd ákvæða tilskipunar þessarar, þar sem fram komi sjónarmið vinnuveitenda og starfsmanna.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum um þessi efni.

- Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um framkvæmd tilskipunar þessarar með reglubundnu millibili fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina, með hliðsjón af 1., 2. og 3. mgr.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. maí 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

B. AHERN

forseti.

VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR

(4. og 5. gr.)

Athugasemd

Fullnægja skal þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í viðauka þessum til að ná markmiðum tilskipunarinnar, í fyrsta lagi með því að sjá til þess að nauðsynlegir þættir séu til staðar við verkstöðina og í öðru lagi með því að bæta úr þeim þáttum sem koma í veg fyrir að markmiðunum verði náð.

1. BÚNAÐUR

a) **Almenn athugasemd**

Sjálf notkun búnaðarins má ekki fela í sér hættu fyrir starfsmenn.

b) **Skjár**

Tákn sem sýnd eru á skjá skulu vera skörp, skýr og nægilega stór, og bil milli tákna og milli lína skal vera nægjanlegt.

Skjámyndin skal vera stöðug og laus við flökt og annan óstöðugleika.

Birtu á skjá og/eða birtumun milli bakgrunns og tákna skal vera auðvelt að stilla af þeim sem skjáinn notar og einnig til samræmis við ytri aðstæður.

Skjá skal vera auðvelt að snúa og halla til samræmis við þarfir þess sem notar hann.

Gera skal ráð fyrir notkun sérstaks skjásökkuls eða stillanlegs skjáborðs.

Skjár skal vera laus við glampa og endurvarp ljóss sem valdið getur notanda hans óþægindum.

c) **Hnappaborð**

Hnappaborð skal vera hallanlegt og aðskilið frá skjánum svo starfsmaður geti tekið sér þægilega líkamsstillingu sem ekki veldur þreytu í höndum eða handleggjum.

Fyrir framan hnappaborð skal rými vera nægilegt til að hendur og handleggir notanda geti hvílt á borðplötunni.

Hnappaborð skulu vera með mattri áferð svo ekki glampi á þau.

Fyrirkomulag hnappa á hnappaborði og hnapparnir sjálfir skulu vera þannig að auðveldi notkun hnappaborðsins.

Tákn á hnöppum skulu vera nægilega skörp og læsileg í venjulegri vinnustellingu.

d) **Vinnuborð eða vinnuflötur**

Vinnuborð og vinnuflötir skulu vera nægilega stórir, með yfirborð sem endurvarpar litlu ljósi og þannig að fyrirkomulagi á skjá, hnappaborði, verkefnisskjölum og tilheyrandi búnaði megi breyta.

Skjalahaldarar skulu vera stöðugir og stillanlegir, og komið þannig fyrir að dregið sé sem mest úr þörf á óþægilegum höfuð- og augnhreyfingum.

Starfsmenn skulu hafa nægilegt rými til að geta komið sér fyrir í þægilegri stellingu.

e) **Vinnustóll**

Vinnustólar skulu vera stöðugir og veita starfsmönnum kost á að hreyfa sig óhindrað og vera í þægilegri líkamsstillingu.

Hæð setu skal vera stillanleg.

Hæð stólbaks svo og halli þess skal vera stillanlegur.

Öllum skal séð fyrir fótskemli sem þess óska.

2. UMHVERFI

a) **Rými**

Verkstöðin skal vera nægilega rúmgóð og þannig skipulögð að notandi geti breytt um líkamsstillingu og líkamshreyfingar.

b) **Lýsing**

Með herbergislýsingu og/eda vinnulýsingu (vinnulömpum) skal séð fyrir því að lýsing sé fullnægjandi og birtumunur á skjá og umhverfi að baki honum hæfilegur þegar höfð er hliðsjón af eðli starfsins og því sem hentar sjón notandans.

Komið skal í veg fyrir glampa og endurskin af skjám og öðrum búnaði með því að laga skipulag vinnustaðar og verkstöðvar að staðsetningu og tæknilegum eiginleikum lýsingar.

c) **Endurskin og glampar**

Verkstöðvar skulu skipulagðar þannig að ekki stafi glampar af ljósgjöfum, svo sem gluggum eða öðrum opum, gegnsæjum eða hálfgegnsæjum veggjum eða búnaði eða veggjum í ljósum lit, og að slíkt valdi eins litlu, truflandi endurskini á skjá og framast er kostur.

Á gluggum skal koma fyrir viðeigandi stillanlegum búnaði til að hylja þá þannig að hæfileg birta falli á verkstöðina.

d) **Hávaði**

Þegar verkstöðvum er komið upp skal taka tillit til hávaða frá búnaði sem þar er komið fyrir, einkum með það í huga að hann trufla ekki athygli fólks eða samtöl.

e) **Hiti**

Ekki má stafa svo mikill hiti frá búnaði sem tilheyrir verkstöðvum að hann valdi starfsmönnum óþægindum.

f) **Geislun**

Vegna öryggis og heilsu starfsmanna skal geislun utan hins sýnilega hluta rafsegulsviðsins haldið svo líttill sem framast er unnt.

g) **Raki**

Loftraki skal vera hæfilegur.

3. AÐLÖGUN STARFSMANNNS OG BÚNAÐAR

Þegar hugbúnaður er hannaður, valinn eða keyptur eða þegar honum er breytt, og þegar skipulögð eru störf þar sem skjáir eru notaðir, skal vinnuveitandi hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- a) hugbúnaður skal hæfa því verki sem vinna skal;
 - b) hugbúnaður skal vera auðveldur í notkun og skal unnt að laga hann að þekkingu eða reynslu notandans eftir því sem við á; ekki má beita tölvukerfi til afkasta- eða gæðæftirlits án vitundar starfsmanna;
 - c) tölvukerfi skulu gefa starfsmönnum upplýsingar um hvernig verki miðar;
 - d) upplýsingarnar skulu gefnar í því formi og með þeim fresti sem hentar notendum;
 - e) tekið skal tillit til vinnuvistfræðilegra sjónarmiða, sérstaklega hvað snertir störf við meðferð upplýsinga.
-